



## Fundargerð

**439. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 þriðjudaginn 14.janúar. Þetta er 1. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Evi Björk Harðardóttur og er X blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Bjarki V Guðnason varaoddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.  
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnnaskrá bætist;

### II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

11. Beiðni um námsvistun utan lögheimilissveitarfélags

12. 1810003 Hátún – Deiliskipulags- og matslýsing.

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

18.desember sóttu oddviti og varaoddviti héraðsnefndarfund á hótel Laka. Það sama kvöld var sveitarfélagið með jólastund á hótel Klaustri. 19.desember hittust kjörnir fulltrúar ásamt fræðslunefnd á Kirkjubæjarstofu til að ræða málefni Kirkjubæjarskóla. Það sama kvöld sótti oddviti aðalfund Friðar og Frumkrafa á hótel Klaustri. Mánudaginn 6.janúar var haldinn 5.fundur verkefnastjórnar um Aðalskipulag. 8.janúar sótti oddviti fund í fjármálaráðuneytinu vegna lóðamála á Kirkjubæjarklaustri. 9.janúar sótti oddviti fund í landbúnaðar- og samgönguráðuneytinu með átakshópi um úrbætur á innviðum landshlutanna. 10.janúar sat oddviti símafund í stjórn Náttúrustofu Suðurlands. Stjórnsýslan óskar íbúum Skaftárhrepps gleðilegs árs og þakkar fyrir samskiptin á liðnu ári.

### Dagskrá

#### I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 153. fundar skipulagsnefndar, dags 7.01. 2020

#### 1. 1901004 Þéttung byggðar – Aðalskipulagsbreyting til afgreiðslu.

Um er að ræða verulega breytingu á aðalskipulaginu þar sem lögð er til breyting á texta í greinargerð í kafla 3.1 íbúðasvæði en ekki er gerð breyting á aðalskipulagsupprætti.

Um er að ræða fjölgun íbúða úr 19 í 38 á þegar skilgreindu íbúðarsvæði ÍB-2,

Skerjavellir, Skriðuvellir og Klausturvegur.

Fyrir liggja umsagnir Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands og Heilbrigðisefstirlits Suðurlands.

Tillagan var endurauglýst frá og með fimm tudeginum 7.nov. til og með 19.des. 2019. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

*„Skipulagsnefnd leggur til að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*



## Skaftárhreppur

### 2. 1901004 Þéttung byggðar – Deiliskipulag Preststúns til afgreiðslu

Um er að ræða deiliskipulag á Kirkjubæjarklaustri á svæði sem skilgreint er sem íbúðabyggð (ÍB-2) í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Svæðið er á um 0,4 ha landsvæði ofan Klausturvegar gengt Kirkjubæjarskóla. Um er að ræða 4 einbýlishúsalóðir og 2 parhúsalóðir.

Fyrir liggja umsagnir Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands og Heilbriðiseftirlits Suðurlands.

Tillagan var endurauglýst frá og með fimmtudeginum 7.nov. til og með 19.des. 2019. Ein athugasemd barst frá Bergi Guðnasyni.

*„Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til niðurstaða fornleifaskráningar liggur fyrir.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### 3. 1901004 Þéttung byggðar – Deiliskipulag Læknisreits til afgreiðslu.

Um er að ræða deiliskipulag á Kirkjubæjarklaustri á svæði sem skilgreint er sem íbúðabyggð (ÍB-2) og opinber þjónusta (S-4) í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Svæðið er á um 1,23 ha landsvæði ofan Skriðuvalla og er að mestum hluta óbyggt en innan svæðisins er Heilbrigðisstofnun Suðurlands og eitt íbúðarhús/læknisbústaður. Um er að ræða lóðir fyrir; 6 einbýli á 1-2 hæðum, 1 parhús, og 3ja íbúða raðhús.

Fyrir liggja umsagnir Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands og Heilbriðiseftirlits Suðurlands.

Tillagan var endurauglýst frá og með fimmtudeginum 7.nov. til og með 19.des. 2019. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

*„Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulagið verði samþykkt og sent Skipulagsstofnun til samþykktar og afgreiðslu.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### 4. 1603047 Hæðargarður – Deiliskipulagsbreyting til samþykktar.

Deiliskipulagið er minnkað og tekið er út opið og óbyggt svæði og sjö frístundalóðir, M1,M2,M3,M4,M5,M6 og M7. Svæðið sem tekið er út er um 8 ha.

Tillagan var auglýst frá og með fimmtudeginum 7.nov. til og með 19.des. 2019. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

*„Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til samþykktar og afgreiðslu.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*BBC*  
*BBG*



## Skaftárhreppur

### 5. 2001001 Laki – Óskað Ask breytingar og heimildar til Dsk gerðar

Jóna Björk Jónsdóttir f.h. VJP kt. 441007-0940 óskar eftir að aðstaða ferðamanna við Laka verði færð inn á Ask og heimild veitt til Dsk gerðar.

„*Skipulagsnefnd leggur til að beiðni um aðalskipulagsbreytingu verði samþykkt og þá unnin samhliða endurskoðun aðalskipulags. Samtímis verði unnið deiliskipulag fyrir svæðið.*“

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### 6. 2001002 Tjarnargígur - Óskað Ask breytingar og heimildar til Dsk gerðar

Jóna Björk Jónsdóttir f.h. VJP kt. 441007-0940 óskar eftir að aðstaða ferðamanna við Tjarnargíg verði færð inn á Ask og heimild veitt til Dsk gerðar.

„*Skipulagsnefnd leggur til að beiðni um aðalskipulagsbreytingu verði samþykkt og þá unnin samhliða endurskoðun aðalskipulags. Samtímis verði unnið deiliskipulag fyrir svæðið.*“

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### 7. 1908006 Tunga – Dsk lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu.

Ottó Valur Ólafsson fh. Magmahótels ehf. kt. 410217-1040 óskar eftir umfjöllun og afgreiðslu á fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu í Tungu.

„*Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulagsbreytingartillagan verði samþykkt til auglýsingar og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa tillöguna.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### 8. 1908007 Hrífunes – Skipulags- og matslýsing lögð fram til umfjöllunar.

Sigurður Garðarsson f.h. Hrífuness ehf. kt. 460815-0960 óskar eftir umfjöllun og afgreiðslu á skipulags- og matslýsingu vegna stækunar skipulagssvæðis (V2).

„*Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leita umsagna hjá Slökkviliði Skaftárhrepps, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, Vegagerðinni, Ferðamálastofu og Veðurstofu Íslands áður en heimild er veitt til auglýsingar.*“

*BNG*

*BB*  
*KL*



*EBH, KG, AH og HGÁ staðfesta afgreiðslu nefndarinnar. BG situr hjá vegna aðkomu á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.*

## **10. 1904001 Endurskoðun aðalskipulags – fundargerð 5.fundar vinnuhóps.**

Fyrir fundi liggur fundargerð 5.fundar, uppfærð verkáætlun og endanleg lýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags til yfirferðar og umfjöllunar.

*„Skipulagsnefnd leggur til að lýsingin verði auglýst.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

2. 1904001 Fundargerð 5.fundar vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags, dags 6.01.2020

*Sjá fundargerð skipulagsnefndar 9.lið.*

3. 1604047 Fundargerð 72. fundar félagsmálanefndar, dags 12.12.2019

Almenn mál:

1. Endurskoðun á matslista vegna umsókna um félagslegt leiguþúsnaði og sérstaks húsnæðisstuðnings.

*Lagður er fram nýr matslisti þar sem matsviðmið eru skv. 2.gr. reglna um sérstakan húsnæðisstuðning. Til að eiga rétt á félagslegu leiguþúsnaði eða sérstökum húsnæðisstuðning þarf einstaklingur að ná 8 stigum og hjón/sambúðarfólk 10 stigum.*

*Niðurstaða: Samþykkt að nota matslista til reynslu í 12 mánuði.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## **2. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

AH og KG lýsa yfir vanhæfi og yfirgefa fund, JBJ tekur sæti sem 1.varamaður á Z lista.

1. Uppbygging Kirkjubæjarskóla.

*Ákveðið að koma á fót starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna að uppbyggingu skólamála í Kirkjubæjarskóla í samvinnu við fræðslunefnd og Kirkjubæjarskóla.*



JBJ víkur af fundi og AH og KG mæta aftur á fund.

2. Fyrirhuguð heimsókn sveitarstjórnarmanna af Suðurlandi til Danmerkur.  
*Samtök sunnlenskrar sveitarfélaga hefur ákveðið að bjóða sveitarstjórnarfólki á starfssvæði sínu uppá fræðsluferð til Danmerkur 9. til 12. mars nk. Ákveðið að eftirtaldir aðilar fari frá Skaftárhreppi: Arndís Harðardóttir, Eva Björk Harðardóttir og Katrín Gunnarsdóttir. Katrín tekur fram að hún muni ekki þyggja framlag frá sveitarféluginu.*
3. 1912002 Jafnlaunavottun Skaftárhrepps, tilboð.  
*Tilboð bárust frá þremur aðilum í vinnu við jafnlaunavottun fyrir sveitarfélagið. Ákveðið að taka lægsta tilboðinu sem er frá Icert. Oddvita falið að ganga til samninga við Icert.*
4. 1603047 Beiðni er varðar skipulag í landi Hæðargarðs.  
*Sveitarstjórn þakkar Katli Sigurjónssyni erindið og tekur undir nauðsyn bess að fara að skipulagslögum í þessu máli sem öðrum.*
5. 2001005 Umsókn um tækifærисleyfi fyrir þorrablóti í Tunguseli dags. 19.12.2019  
*EBH, KG, HGÁ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.*
6. 2001004 Umsókn um tækifærисleyfi fyrir þorrablóti í Kirkjuhvoli, dags. 8.01.2020  
*EBH, KG, HGÁ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.*
7. 1912020 Jafnréttisáætlun Skaftárhrepps – Endurskoðun.  
*Jafnréttisstofa hefur yfirfarið nýja uppfærða jafnréttisáætlun fyrir Skaftárhrepp og jafnréttisnefnd hefur samþykkt hana fyrir sitt leyti.  
Sveitarstjórn samþykkir áætlunina og felur sveitarstjóra að senda hana á Jafnréttisstofu ásamt því að kynna hana í sveitarféluginu.*
8. 2001006 Tvöföld skólavist, ályktun frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir þar sem fram kemur í álti Sambands ísl. Sveitarfélaga um tvöfalfa skólavist að þarfir barns skuli vega þyngra en sjónarmið um jafnrétti foreldra þegar kemur að ákvörðun um skólavist barna þeirra foreldra sem deila forsjá.  
Sveitarstjórn Skaftárhrepps vill þó benda á að nú þegar sækja börn víða um land skóla utan lögheimilissveitarfélags sem gestanemendur þegar þau dvelja um skemmri tíma hjá því foreldri sem barn hefur ekki lögheimili sitt hjá.  
Því er brýnt að lögum og reglugerðum verði breytt til samræmis við þann veruleika sem við stöndum frammi fyrir m.a. með því að auðvelda skólum að taka við nemendum til skemmri tíma í samvinnu við heimaskóla, þannig að ekki verði rof á skólagöngu barns.*
9. 2001007 Kolefnisspor Skaftárhrepps- Verkefnistillaga.



# Skaftárhreppur

*Skaftárhreppur samþykkir að sækja um styrk í Lofslagssjóð með aðstoð Resource til að fylgja betur eftir tilraunaverkefni sveitarfélagsins á sorphirðu í sveitarféluginu. Tilgangur verkefnisins er að greina árlega heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá sveitarféluginu, skoða leiðir til að draga úr losun og tillögur að stefnumótun í átt að kolefnishlutleysi. Vinnan verður tengd við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna. Ákveðið að mynda stýrihóp með fulltríum hagsmunaaðila frá sveitarféluginu ásamt rádgjöfum frá ReSource.*

## 10. 2001008 Frumvarp um stofnun miðhálendisþjóðgarðs-bókun Skaftárhrepps.

*D listinn í Skaftárhreppi sendir frá sér eftirfarandi ályktun:*

*„Miðhálendi Íslands er víðfeðmt svæði þar sem ffölbreytt starfsemi fer fram á vegum ólíkra hópa samfélagsins sem eiga það sameiginlegt að þykja vænt um hálandið og náttúru þess. Miðhálendið á sér langa sögu sem tengist auðlindanýtingu og byggð í landinu. Skipulag og gagnsætt fyrirkomulag um vernd- og nýtingu er mikilvægt til að fólk og fyrirtæki geti nýtt sér allt það sem hálandið hefur upp á að bjóða á sjálfbæran hátt, hvort sem það er til verðmætasköpunar, afþreyingar eða lýðheilsu.*

*D listinn í Skaftárhreppi leggur áherslu á að öll undirbúningsvinna fari fram í samvinnu með aðliggjandi sveitarfélögum og hagsmunaaðilum. Hvað orkunýtingu og orkudreifingu snertir skuli þess gætt að unnið verði fullu í samræmi við áætlanir Alþingis. Mikilvægt er að þjóðgarðurinn skuli byggður upp á samstarfssamningum um innviði og rekstur þjóðgarðsins, og að slíkar áætlanir liggi fyrir áður en þjóðgarður verði stofnaður. Þá skal leitast við að rekstur þjóðgarðsins verði eins sjálfbær og unnt er, helst að fullu.*

*D listinn í Skaftárhreppi minnir á að skipulagsvald liggur hjá sveitarfélögum og mikilvægt að standa vörð um að svo verði áfram.*

*Á vettvangi SASS hefur verið skipuð verkefnissjórn 12 sveitarfélaga á Suðurlandi til að vinna svæðisskipulag á Suðurhálendinu. Sú verkefnastjórn er skipuð fulltríum sveitarfélaga á Suðurlandi sem eiga land og eða hagsmuni að gæta.*

*D listinn lítur svo á að undirbúningi sé hvergi nærri lokið og edlilegt sé að í áframhaldandi undibúningsvinnu verði hafð samráð við ofangreinda verkefnissjórn ark sveitarstjórnna allra sveitarfélaga sem land eiga að fyrirhuguðum Miðhálendisþjóðgarði*

*BWG  
KGF*



# Skaftárhreppur

Z listinn í Skaftárhreppi sendir frá sér eftirsarandi ályktun:  
Frá stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hafa Lakagígar sem eru á hálendi Skaftárhrepps tilheyrt þjóðgarðinum. Síðar fór stórt landsvæði við Eldgjá og Langasjó undir þjóðgarð. Með starfsemi hans hefur landvarsla á hálendinu yfir sumarið eflst og stuðlað að betri stýringu ferðamanna, sjálfbærri nýtingu á svæðinu og uppbryggingu innviða. Auk þessa hefur þjóðgarðurinn rekið gestastofu á láglendi sem miðlar upplýsingum til ferðamanna um veður og færð, aðgengi að hálendinu, ábyrga ferðahegðun, markverða staði, þjónustu og afþreyingu í sveitarféluginu. Nú eru þrír starfsmenn í heilsárstarfi og þar við bætast um 10 sumarstörf innan sveitarfélagsins. Samstarf sveitarfélagsins og þjóðgarðsins hefur verið mjög gott, hefðbundin nýting lands svo sem beit, smalanir og veiðar eru sjálfsagður hluti af þjóðgarðinum en stór hluti afréttarlanda bænda í Skaftárhreppi eru innan hans.

Byggt á þessari reynslu er það skoðun okkar að Hálendisþjóðgarður verði leið til að auka sérfræðipekkingu um uppbryggingu og rekstur ferðamannastaða í sveitarfélögum. Hann geti stuðlað að sjálfbærri nýtingu með fræðslu, stjórnun og uppbryggingu innviða. Jafnframt er bent á að verkefnið er mikil áskorun, krefst aukins fjármagns og mikilvægt er að rekstur hvers hluta hálendisþjóðgarðsins verði í nærsamfélögum hans.

## Sameining stofnana

Z listinn í Skaftárhreppi telur að miklir kostir séu samfara því að sameina og styrkja stjórnsýslu og almenna ummönnum þjóðgarða og náttúruverndarsvæða. Í sumum tilfellum hafa tvær stofnanir komið að umsýslu og uppbryggingu svæða á nærliggjandi landsvæðum án þess að samnýtt sé þekking, starfsskraflar og tækjabúnaður. Með sameiningunni gefst tækifæri til að efla þekkingu og uppbryggingu og stjórnun á smærri svæðum mun færast nær staðsetningu þeirra. Nafnið Þjóðgarðastofnun, sem verið hefur vinnuheiði er ekki gott með hliðsjón af stöðu og verkefnum stofnunarinnar. Betra er að nefna stofnunina hugtökum sem byggja á náttúrvernd almennt.

11.2001009 Beiðni um námsvistun utan lögheimilissveitarfélags  
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða beiðni um námsvistun utan lögheimilissveitarfélags.  
Oddvita falið að ljúka málínus

## 12. 1810003 Hátún – Deiliskipulags- og matslýsing.

Á 149.fundi skipulagsnefndar þann 9.júlí sl. komu Gunnar Kári Oddsson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir frá Landform og kynntu skipulagsáform innan jarðarinnar Hátún. Jafnframt komu fulltúrar eiganda „Guide to Iceland“ þeir Ólafur Ólafsson og Andri Guðmundsson og sögðu nefndinni frá verkefninu frá sjónarhlí eigandans. Í framhaldinu þá leggur Oddur Hermannson hjá Landform hér fram deiliskipulags- og matslýsingi til yfirferðar og umsagnar. Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur sent



# Skaftárhreppur

Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Hafrannsóknarstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands deiliskipulags – og matslýsinguna til umsagnar. Umsagnir ekki borist fyrir 151.fundi skipulagsnefndar.

Eftirfarandi var bókað á 151.fundi skipulagsnefndar

*„Skipulagsnefnd þakkar fyrir innsenda·deiliskipulags- og matslýsingu.*

*Skipulagsnefnd frestar því að taka afstöðu til aðalskipulagsbreytingar fyrr en umsagnir liggja fyrir frá framangreindum fagaðilum.“*

Umsagnir Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Fiskistofu og Náttúrufræðistofnunar Íslands liggja nú fyrir.

*„Skipulagsnefnd samþykkir skipulags- og matslýsinguna með þeim viðbótum að bætt sé inn valkostum fyrir staðsetningu svæðisins . Skipulagsfulltrúa falið að óska frekari umsagna og auglýsa lýsinguna skv.1. mgr. 30. gr og 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr.123/2010. Jafnframt vill skipulagsnefnd minna á að framkvæmd sem þessi er tilkynningarskyld..“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

## III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 49. fundar stjórnar Köllu jarðvangs dags. 18.11.2019. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð fjallskilanefndar Skaftártungu dags. 17.04.2019. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð fjallskilanefndar Skaftártungu dags. 14.06.2019. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð fjallskilanefndar Skaftártungu dags. 14.08.2019. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð fjallskilanefndar Skaftártungu dags. 25.09.2019. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð fjallskilanefndar Skaftártungu dags. 27.11.2019. *Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð héraðsnefndar Vestur Skaftafellssýslu dags. 17.12.2019. *Fundargerð frestað.*

## IV. Annað kynningarefní

1. 5. Fundur stjórnar Skógasafns dags, 4.09.2019. *Kynnt.*
2. Landskerfi bókasafna dags, 30.12.2019. *Kynnt.*
3. Fjárhagsáætlun Skógasafns 2020. *Kynnt.*
4. Fundargerð 1.fundar verkefnahóps um mat á sameiningu sveitarfélaga dags, 13.12.2019. *Kynnt.*
5. Fundargerð 201.fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands dags, 17.12.2019. *Kynnt.*
6. Jafnréttisþing 2020 í Hörpu haldið 20.02.2020. *Kynnt.*
7. Skýrsla Skólaþings sveitarfélaga haldið 4.11.2019. *Kynnt.*
8. Fundargerð 877. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 13.12.2019. *Kynnt.*
9. Fundargerð 78.fundar svæðisráðs vestursvæðis dags. 12.12.2019. *Kynnt.*



# Skaftárhreppur

Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 13.febrúar 2020

Fundi slitið kl. 15:17

Bjarki V. Guðnason

Bjarki Guðnason

Eva Björk Harðardóttir

Eva Björk Harðardóttir

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Katrín Gunnarsdóttir

Katrín Gunnarsdóttir

---

Arndís Harðardóttir